

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands föstudaginn 2. mars 2007 í máli nr. S-23/2007:

Ákærvaldið

(Sigríður Elsa Kjartansdóttir fulltrúi)

gegn

Jun Feng Chai

(Eva Dís Pálmadóttir hdl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. febrúar sl. að aflokinni aðalmeðferð, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara útgefni 16. janúar 2007 á hendur Jung Feng Chai, kt. 000000-0000, Axará, Fljótsdalshreppi “fyrir tilraun til manndraps, til vara sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa, aðfaranótt mánudagsins 1. janúar 2007, í matsal vinnubúða við Aðgöng 2, Laugarási á Fljótsdalsheiði veist að Allesio Calli og stungið hann tvívegis með hnífi með þeim afleiðingum að hann hlaut tveggja cm langt stungusár á hægri framhandlegg og tveggja cm langt og þriggja cm djúpt stungusár á hægri síðu, við nýru.

Telst brot ákærða varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.”

Af hálfu ákærða er þess aðallega krafist sýknu en til vara að ákærði verði dæmdur til lægstu refsingar sem lög leyfa og að fullnustu refsingar verði frestað skilorðsbundið. Loks er þess krafist að málsvarnarlaun skipaðs verjanda samkvæmt málskostnaðarreikningi verði greidd úr ríkissjóði.

II.

Málavextir

Í frumskýrslu lögreglu dags. 1. janúar 2007 segir að kl. 1.58 á nýjárnsnótt hafi lögreglu borist tilkynning þess efnis að karlmaður af erlendu bergi brotinn hefði verið stunginn með eggvopni í vinnubúðunum við aðgöng 2 á Fljótsdalsheiði. Á þeirri stundu hafi ekki legið fyrir hversu alvarlega slasaður árásarþolinn var. Að sögn tilkynnanda hafi verið deilur og ryskingar á milli portúgala og kínverja í

vinnubúðunum og þá sérstaklega í sameiginlegum matsal þar sem áramótagleðin hefði farið fram.

Í skýrslu lögreglu segir að fjórir lögreglumenn hafi þegar haldið á vettvang. Á leiðinni hafi lögregla verið í sambandi við þann sem tilkynnt hefði lögreglu um atvikið, Róbert Óskar, en hann starfi sem sjúkraflutningamaður í vinnubúðunum. Að sögn Róberts hafi honum verið tilkynnt að maður hefði verið stunginn í matsalnum og hefði hann þegar farið á staðinn á sjúkrabifreið. Er hann hefði komið á vettvang hefði hinn slasaði verið með meðvitund en greinilega mikið þjádur. Hann hefði verið með stungusár á síðu og handlegg. Róbert hafi tjáð lögreglu að hinn slasaði væri portúgalskur starfsmaður Impregilo. Eftir Róberti er haft að hann hafi flutt hinn slasaða til lækni í sjúkraskýli við vinnubúðirnar. Þá er eftir honum haft að um 30 til 35 manns hefðu verið í matsalnum þegar hann hefði komið á vettvang og að almenn ölvun hefði verið í samkvæminu.

Í skýrslunni segir að er lögreglumenn hafi komið á vettvang kl. 2.49 hafi þeir hitt fyrir öryggisfulltrúa á vegum Impregilo, sem hafi tjáð þeim að ákærði væri grunaður um verknaðinn. Einnig hafi hann tjáð lögreglumönnum að félagar hins slasaða, er hefðu staðið nærri honum þegar árásin átti sér stað, hefðu borið kennsl á árásarmanninn.

Í frumskýrslu lögreglu segir að þegar hafi verið hafnar skipulagðar aðgerðir í því skyni að finna ætlaðan árásarmann. Aflað hafi verið upplýsinga um það í hvaða álmu og hvaða herbergi hann héldi til. Við eftirgrennsln hafi ákærði ekki reynst vera í herbergi sínu. Leit að honum hafi verið haldið áfram og hafi verið farið í einn skála af öðrum á svæðinu, bankað á allar dyr og leyfi fengið hjá hverjum og einum til að leita í herbergjum þeirra. Í J álmu, herbergi 9, hafi einn kínverskur karlmaður verið staddur einn síns liðs. Við eftirgrennsln hafi það reynst vera Jun Feng Chai, ætlaður árásarmaður og ákærði í máli þessu. Klukkan 4.15 hafi honum verið tjáð á ensku að hann væri handtekinn og honum gerð grein fyrir hvaða sökum hann væri borinn. Ákærði hafi reynst tala ágæta ensku. Hann hafi verið fluttur með lögreglubifreið til Egilsstaða þar sem hann hafi verið vistaður í fangageymslu og færður til skýrslutöku hjá rannsóknardeild. Við skýrslutöku þar hafi hann játað að hafa stungið árásarþola.

Í frumskýrslu lögreglu segir að árásarþoli hafi reynst vera portúgalskur (svo) starfsmaður Impregilo að nafni Allesio Cali. Lögregla hafi tekið hann tali á vettvangi en hann hafi verið vel áttaður og treyst sér til að greina frá því sem gerst hefði.

Allesio hafi sagt svo frá að hann hefði farið á skemmtun í sameiginlegum matsal í búðunum en þar hefði verið slegið upp veislu til að fagna áramótunum. Hann hefði verið að dansa og gantast við kínverska konu inni í matsalnum og m.a. tekið af henni hattinn og verið að fíflast við hana en það hefði allt verið í góðu. Skyndilega hefði einhver hrint honum aftan frá og við það hefði hann lent utan í umræddri konu þannig að hún hefði hrasað og dottið í gólfið. Hann hefði ætlað að hjálpa konunni á fætur en þá hefði einhver veist að honum og stungið hann í síðuna og síðan tvívegis í handlegginn. Hann hefði verið stunginn þrisvar sinnum, einu sinni í úlnlið, einu sinni í hægri handlegg og einu sinni í síðu. Haft er eftir Allesio að þetta hefði allt gerst mjög hratt og að hann hefði ekki séð þann er stakk hann. Félagar hans hefðu hins vegar séð árásarmanninn og þeir ættu ljósmynd af honum. Í skýrslu

Lögreglu segir að Allesio hafi verið í miklu uppnámi og einnig undir einhverjum áhrifum áfengis. Þá hafi hann ekki talað ensku og því hafi félagi Allesio túlkað fyrir hann.

Einnig hafi verið rætt við vakthafandi lækni á vettvangi, Hrönn Garðarsdóttur, sem gert hefði að sárum árársþola. Hún hafi tjáð lögreglu að hinn slasaði væri með 2 cm breiðan skurð á hægri framhandlegg og smávægilegan skurð á hægri úlnlið innanverðum. Alvarlegasti áverkin væri 2 cm breiður og 3 cm djúpur skurður á síðu við nýrnastæði hægra megin. Að sögn Hrannar næði sá skurður þó aðeins í undirhúð og fitulag. Ekki hefði verið blóð í þvagi hins slasaða. Hann væri nokkuð þjáður en ekki alvarlega slasaður.

Í lok frumskýrslunnar segir að mikill æsingur hafi verið í vinnubúðunum á meðan lögregla var þar að störfum og hafi nokkrir starfsmenn virst vera að leita að árársmanninum til að hefna fyrir árásina. Sérstaklega hafi nokkrir ítalskir aðilar haft sig mikið í frammi.

Lögregla lagði hald á hníf og peysu brotaþola og voru þessir munir sendir tæknideild lögreglunnar til rannsóknar. Í skýrslu tæknideildar er hnífurinn sagður með ljósu tréskæfti, sem virðist vera heimatilbúið. Segir að skeftið virðist tilsagað og fest við enda hnífsblaðsins með tveimur hvítum hnoðum. Blað hnífsins sé með ávalri egg og sléttum bakka. Egginn beri merki brýningar. Heildarlengt hnífsins er sögð 25 sm og þyngd 62,94 gr. Bláðlengd frá skefti að oddi sé 13,8 sm og mest breidd blaðsins 2,5 sm. Ekkert kám hafi verið sjáanlegt á hnífnum, hvorki með berum augum né undir sterku, hvítu ljósi. Gert hafi verið blóðpróf á hnífnum og hafi sýnin gefið jákvæða svörun við prófinu. Á peysunni hafi verið fjölmargir blóðblettir og kám, bæði á bolnum og báðum ermum. Stærsti kámbletturinn hafi verið á miðri framhlið. Á framhliðinni hafi verið merktir 16 blóðblettir (dekkri en kám). Á bakhlið hafi einnig verið sjáanlegt blóðkám á nokkrum svæðum og fjórir blóðblettir, allir verið á hægri ermi. Sýni hafi verið tekin úr öllum blóð- og kámblettum og þau prófuð með blóðprófi og hafi þau öll gefið jákvæða svörun. Neðarlega á aftanverðri hægri ermi hafi verið 2,7 cm skurður sem legið hafi í u.þ.b. 45° halla niður frá hægri til vinstri. Brúnir skurðarins hafi verið sléttar og ótættar og því líklegt að hann hafi verið gerður með beittu áhaldi. Blóðblettur umhverfis skurðinn hafi verið stífur og því ljóst að talsvert hafi blætt frá áverkanum í peysuna. Annar skurður hafi verið hægra megin á bakhlið peysunnar. Sá skurður hafi verið 1,5 cm að lengd og nánast láréttur. Brúnir skurðarins hafi verið sléttar og ótættar og því líklegt að skurðurinn hafi verið gerður með beittu áhaldi. Ekkert blóð eða blóðkám hafi verið sjáanlegt umhverfis blettinn að utanverðu, en smávægilegt bláðkám neðan við skurðinn að innanverðu. Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að á báðum mununum hafi fundist lífsýni í formi blóðs og þau gefið jákvæða svörun við for- og staðfestingarprófum.

Ákærði hefur sætt farbanni frá 2. janúar sl.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum.

Ákærði neitaði sök. Hann sagði að í umrætt sinn hefði staðið yfir áramótagleði og fólk hefði verið að dansa og haft áfengi um hönd. Hann sagði að það hefðu orðið smá árekstrar á milli á milli hans og ítalsks manns í fagnaðinum vegna þess að þeir hefðu farið að ýta hvor við öðrum á dansgólfinu. Hvorugur hefði viljað gefa sig og

sagði ákærði að það hefði sennilega verið af því að báðir hefðu verið undir áhrifum áfengis. Til að eyðileggja ekki skemmtunina fyrir öðrum hefðu þeir farið inn á salerni og rætt málin og að svo búnu farið aftur inn í danssalinn. Dansinn hefði haldið áfram með hléum en nokkru síðar hefðu þeir byrjað aftur að ýta hvor við öðrum. Málin hefðu síðan þróast þannig að þrír til fjórir Ítalir hefðu byrjað að ýta við ákærða. Sagðist ákærði hafa farið hallloka í þessum stimpingum og því gripið til hnífs, sem hann hefði séð við hliðina á sér, og stungið einn af þessum mönnum. Þar sem hann hefði verið drukkinn sagðist hann ekki muna glöggst hvað gerðist en hann sagðist þó muna eftir að hafa stungið mann. Um leið og hann hefði áttað sig á því að hann hefði beitt hnífnum og stungið mann sagðist hann hafa séð mjög eftir því og hent hnífnum strax frá sér og síðan yfirgefið staðinn.

Aðspurður sagðist hann ekki hafa þekkt fyrrgreinda Ítali, enda hefðu þeir verið nýkomnir á svæðið. Hann sagðist því ekki geta nafngreint þá. Hann sagðist fyrst og fremst hafa verið að ýtast á við einn af þessum Ítölum, en hinir hefðu komið aðvífandi vegna þeirra stimpinga. Hann sagðist ekki geta greint á milli þessara manna og sagðist aðeins hafa stungið þann sem var næstur honum. Hann sagðist ekki gera sér grein fyrir hvort það var sá sem ýtti við honum í upphafi.

Aðspurður sagðist hann hafa verið staddur nálægt sófa við vegg í um 5 til 6 metra fjarlægð frá útganginum þegar þessir þrír Ítalir hefðu komið aðvífandi. Ákærði sagði að hann og Ítalirnir hefðu verið að stimpast rétt við neðri sófann á uppdrætti á skjali nr. IV, 5-2. Hann sagði að nálægt sófanum hefði verið borð með ávöxtum og þar hefði hnífurinn legið. Á þessum stað hefði hann gripið til hnífsins og stungið manninn. Ákærði sagðist ekki hafa séð þennan hníf áður. Aðspurður kannaðist ákærði ekki við að eitthvað hefði verið vafið utan um hnífinn. Hann sagðist aðspurður hafa drukkið nokkur glös af víni, og sagði að vínið hefði svifið mjög á hann. Hann sagðist hafa stungið Ítalann einu sinni hægra megin og þegar hann hefði beitt hnífnum hefði Ítalinn slegið hendinni til. Um ástæðu þess hvers vegna hann hefði beitt hnífnum sagði ákærði að hann hefði farið hallloka í stimpingum við Ítalina, sem hefðu verið margir og allir stærri og betur á sig komnir en hann. Hann sagðist hafa komist í uppnám og viljað bera hönd fyrir höfuð sér. Hann sagði að Ítalirnir hefðu aðeins notað hendur og hnefa við stimpingarnar. Hann sagðist ekki gera sér grein fyrir hvort Ítalirnir voru þrír eða fjórir allt í allt. Hann sagði að atburðarásin, sem hefði leitt til þess að hann greip til hnífsins hefði tekið um tvær mínútur. Hann sagðist ekki hafa verið í beinum átökum þegar hann greip til hnífsins heldur hefði hann verið búinn að fara hallloka fyrir Ítölunum og þeir verið að hlæja að honum þegar hann stakk einn þeirra. Hann sagði að aðeins nokkrar sekúndur hefðu liðið frá því að hann fór hallloka fyrir þeim og þar til hann greip til hnífsins.

Ákærði var inntur út í þann framburð Jose Antonio um að ákærði hefði setið út við vegg og skyndilega staðið upp og gengið í átt að Allesio og m.a. tekið sveig fram hjá fólki á leið sinn að honum og síðan stungið Allesio. Ákærði sagði að ekki væri rétt að hann hefði staðið upp úr sófa áður en hann hefði gengið að Allesio, en hins vegar væri rétt að hann hefði gengið að honum áður en hann stakk hann.

Ákærði var spurður um stöðu brotþola á mynd á á skjali merktu IV, 5-2, og sagði ákærði að hann hefði gengið nokkur skref frá borði rétt hjá neðri sófanum á myndinni, u.þ.b. á þeim stað þar sem orðið sakborningur væri ritað, og að brotþola en hversu langt það hefði verið sagðist hann ekki geta sagt til um. Aðspurður sagði ákærði að engin ástæða hefði verið fyrir stimpingum hans og Ítalanna. Þeir hefðu

bara allir verið á dansgólfinu undir áhrifum áfengis og byrjað að ýta hvor við öðrum. Hann sagðist hafa séð Qin Wang á dansgólfinu, en sagðist ekki geta staðsett hana nákvæmar en að það hún hefði verið einhvers staðar á miðju dansgólfinu eins og þau öll. Undir ákærða voru bornar ljósmyndir á skjali merktu IV, 7-2. Hann staðfesti að hann væri á tveimur myndum fyrir miðju blaði og að gulu örvarnar bentu á hann. Hann sagði að þessar myndir væru teknar áður en stimpingarnar byrjuðu, enda hefði hann yfirgefið salinn eftir að hann stakk Ítalann. Hann sagðist hafa tekið þó nokkrar myndir fyrst eftir að hann kom inn í salinn og fyrst eftir að hann byrjaði að dansa, en hann sagðist ekki muna hvað hefði gerst eftir að þessar myndir voru teknar. Hann sagðist halda að þessar myndir hefðu verið teknar áður en hann ræddi við einn Ítalann inni á salerni. Hann sagðist aðspurður hafa setið einhvern tímann um kvöldið í öðrum hvorum sófanum á mynd IV, 5-2, þ.e. á milli þess sem hann dansaði. Aðspurður sagðist ákærði ekki hafa ætlað að skaða Ítalann, enda hefði hann ekki átt neitt sökótt við hann. Um leið og hann hefði verið búinn að beita hnífnum hefði hann kastað honum strax frá sér.

Aðspurður sagðist ákærði eiga konu og barn, svo og föður. Hann sagði að mikill munur væri á kjörum hans hér á landi og í Kína. Hann sagðist fá álíka há laun hér á landi á mánuði eins og hann fengi á ári í Kína. Hann sagðist hafa verið í áhöfn risaborsins TBM og því unnið inni í göngunum. Hann sagði að Impregilo hefði sagt sér upp störfum vegna málsins. Hann sagðist áður hafa starfað fyrir Impregilo í Kína í tvö ár. Hann sagðist lítið kunna í ensku og að hann hefði þurft að notast við líkamstjáningu við skýrslugjöf hjá lögreglu og segja frá atburðarásinni á einfaldan hátt.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu kl. 05.56 aðfaranótt 1. janúar sl. Þar sagðist ákærði hafa verið að dansa þegar sér hefði verið hrint og þá hefði hann hrint þeim, sem hrinti sér. Það hefði leitt til þess að fjórir Ítalir hefðu veist að honum og barið hann, m.a. í andlit. Hann hefði varist þessu og síðan fylgt einum Ítalanum að salernunum þar sem þeir hefðu rifist og slegist. Slagsmálin hefðu borist inn í salinn aftur og fleiri tekið þátt í þeim. Hann hefði séð hníf á borði þarna rétt hjá og í bræði sinni gripið til hans og stungið manninn, sem hann hefði verið að slást við. Um leið hefði hann hent frá sér hnífnum og hlaupið út úr salnum. Einnig sagði hann að þrír menn hefðu komið aðvífandi og þá hefði hann gripið hnífinn og stungið manninn.

Allesio Cali gaf skýrslu fyrir dómnum hinn 5. janúar sl., þ.e. áður en ákæra var gefin út í málinu þar sem ekki var fyrirsjáanlegt að hann kæmist fyrir dóm við aðalmeðferð málsins. Hann sagði að allir hefðu verið að dansa og fagna nýja árinu um kvöldið og nóttina. Á miðju dansgólfinu hefði verið kínversk kona að grínast og glettast við fólk. Í einhverju gríni hefði hann tekið hattinn af höfði stúlkunnar en um leið hefði einhver rekist óvart utan í hann og hrint honum og hann dottið á stúlkuna. Hann sagðist ekki telja að sá sem hefði hrint honum hefði gert það viljandi. Hann sagði að stúlkan hefði dottið í gólfíð, en ekki hann. Hann sagðist strax hafa farið til stúlkunnar og beðið hana margsinnis afsökunar á því að hafa hrint henni og hjálpað henni á fætur. Í öllu þessu öngþveiti hefði hann ekki séð ákærða nálgast en aðeins fundið hnífstunguna og séð að hann var allur blóðugur.

Brotapoli sagðist hafa verið að dansa með nokkrum vinum sínum í greint sinn, þ.e. þeim sem byggju í sama húsi og hann. Hann sagði að á þessum tíma hefði hann aðeins verið búinn að vera hér í einn mánuð og því þekkt fáa. Hann kannaðist ekki við að einhver læti eða slagsmál hefðu átt sér stað þarna á staðnum fyrr um kvöldið

og kannaðist ekki við að einhver togstreita hefði verið á milli fólks af ólíku þjóðerni. Hann sagði að ákærði hefði unnið í sama hóp og nokkrir af ítölskum vinum hans og að þeir hefðu bent honum á ákærða. Hann sagði að sér myndust þó allir Kínverjar eins og því hefði hann ekki getað borið kennsl á ákærða úr hópi fleiri Kínverja. Hann sagðist aldrei hafa talað við ákærða áður en atvikið gerðist. Sagðist hann aldrei hafa borið neitt sérstakt traust til Kínverja og ekki séð ástæðu til að umgangast þá.

Hann sagðist hafa orðið mjög reiður þegar hann hefði uppgötvaði að hann hafði verið stunginn enda hefði hann ekki skilið hvers vegna hann hefði orðið fyrir þessu. Hann sagðist ekki hafa áttað sig á því hver stakk hann en fólkið í kringum hann hefði sagt honum frá því. Hann sagðist enn vera mjög marinn og bólginn eftir hnífstunguna. Hann staðfesti að hafa fengið 2 cm langt sár á hægri framhandlegg og 2 cm langt og 3 cm djúpt sár á nýrnasvæði hægra megin.

Brotapoli sagði að salurinn, sem áramótafagnaðurinn hefði farið fram í, væri nokkuð stórt herbergi með einni útgönguleið. Sagðist hann hafa verið nálægt útgöngudyrum fyrir miðju herberginu þegar hann hefði verið stunginn. Hann sagðist ekki gera sér grein fyrir úr hvaða átt ákærði kom. Hann hefði ekki verið að dansa þegar hann var stunginn og sagðist ekki muna hversu langur tími leið frá því að hann reisti stúlkuna við og þar til hann var stunginn. Nefndi hann tímann á bilinu frá nokkrum sekúndum og upp í 10 mínútur. Aðspurður sagðist hann ekki muna hvað hann hefði verið að gera þegar hann var stunginn. Hann hefði ekki verið mjög drukkinn. Sagðist hann hafa verið búinn að drekka u.þ.b. tvö glös af víni og eitthvað af bjór og freyðivíni. Hann sagðist ekki vita hver það var sem rakst utan í hann í dansinum.

Brotapola var sýnd og kynnt mynd á skjali merktu IV, 5-2. Hann sagðist telja að þegar hann hefði verið stunginn hefði hann verið miklu nær útgöngudyrnum en gert væri ráð fyrir á myndinni og benti á stað á móts við borðið hægra megin á myndinni. Hann sagðist ekki vita úr hvaða átt ákærði kom. Sjálfur hefði hann snúið bakinu í dyrnar þegar hann var stunginn. Hann sagðist ekki vita hvort hann var stunginn einu sinni eða tvisvar. Aðspurður kvaðst hann ekki þekkja nöfn þeirra vina sinna sem voru með honum á fagnaðinum umrætt kvöld. Eftir að hafa verið brýndur á vitnaskyldum og vitnaábyrgð nefndi hann skírnarnöfnin Fabricio, Ealdro og föður sinn, en sagðist ekki muna nein eftirnöfn. Aðspurður sagðist hann ekki þekkja Jose Antonio Carrasco Dionisio, en hann sagðist hafa kannast við Gabriele Zaccheddu og sagðist halda að hann hefði tekið hnífinn. Hann sagðist ekki kannast við það að ákærði hefði lent í átökum við fjóra Ítali áður en atvikið gerðist og sagði að hann hefði ekki verið einn af þeim. Þá sagðist hann ekki hafa orðið vitni að slíkum átökum. Hann sagði að það væri af og frá að hann hefði rifist við mann inni á salerni áður en atvikið átti sér stað.

Brotapoli gaf skýrslu hjá lögreglu 1. janúar sl. kl. 15.00, sem er að mestu leyti í samræmi við framburð hans fyrir dóminum. Þar sagðist hann þó hafa verið að hjálpa kínversku konunni á fætur þegar hann hefði fundið fyrir hnífstungunni.

Jose Antonio Carrasco Dionisio sagðist hafa sest við borð í salnum þegar hann kom þangað. Atburðinn hefði átt sér stað um klukkan þrjú eða fjögur að nóttu. Fólkið hefði verið að dansa á dansgólfinu og hann sagðist halda að einhver hefði rekist á einn Ítalann, sem síðan hefði dottið á kínverska stúlku og hún dottið á gólfið og lent

undir borði þar sem vitnið sat. Hann sagði að ítalski maðurinn hefði verið að tala við kínversku konuna þegar hann hefði dottið á hana. Hann sagðist halda að kínverska stúlkan hefði verið drukkin. Hann sagði að kínverskur strákur hefði setið á sófa inni í salnum og verið að taka ljósmyndir. Hann hefði staðið upp, gengið í gegnum hóp af fólki stystu leið að Ítalanum og tekist á við hann og síðan yfirgefið salinn. Hann sagðist hafa tekið eftir að Ítalin var blóðugur eftir átök þeirra og að hann hefði öskrað upp. Hann sagðist ekki hafa séð hvað gerðist nákvæmlega á milli Ítalans og Kínverjans í greint sinn og sagðist t.d. ekki hafa séð hníf. Þá sagðist hann ekki hafa séð snertingu á milli þeirra. Hann sagðist ekki hafa tekið eftir hvort Kínverjinn var með hendur í vösum þegar hann gekk að Ítalanum. Vitninu var sýnd mynd á skjali IV, 5-2. Hann sagðist hafa verið staddur á stað sem merktur væri með gulri stjörnu, kínverjinn hefði setið í neðri sófanum á myndinni, en Ítalin hefði verið staddur þar sem bláa stjarnan í miðjunni væri. Þar skammt frá hefði verið borð með kökum. Hann sagði að átökin hefðu orðið þar sem bláu stjörnurnar væru merktar inn á myndina. Vitnið sagðist ekki hafa séð hníf liggja á borði inni í salnum. Hann staðfesti það sem eftir honum væri haft í lögregluskýrslu að hann hefði séð ákærða koma sér í færi við Ítalan og að hann ætti við að Kínverjinn hefði nálgast hann. Hann sagðist ekki hafa þekkt þessa aðila áður en atvikið gerðist. Hann sagðist hafa setið við sama borðið í salnum nánast allan tímann frá því kl. 10.00 um kvöldið og þar til atburðurinn gerðist. Hann sagðist ekki hafa orðið var við önnur átök eða slagsmál í salnum áður en þessi atburður varð. Hann sagðist ekki hafa tekið eftir að ítalski maðurinn hefði verið að rétta kínversku stúlkuna höndina til að reisa hana upp af gólfinu þegar hann var stunginn.

Vitnið gaf skýrslu hjá lögreglu 1. janúar sl. kl. 21.35 sem er í öllum meginráttum í samræmi við framangreint.

Wu Qiang sagðist hafa verið að dansa fyrir framan sjónvarpið umrætt kvöld, en þá hefðu einhver læti byrjað fyrir aftan hann. Þeir sem staðið hefðu í kringum hann hefðu hætt að dansa til að líta á hvað væri að gerast. Hann sagði að um það bil sex til sjö menn hefðu verið að rífast fyrir aftan þá og einhverjar stimpingar verið á milli þeirra. Ekki hefði verið gott að sjá hvað var að gerast. Hann sagðist ekki hafa séð ákærða á meðal þessara manna og ekki séð hann í stimpingum þarna um kvöldið. Hann sagðist þekkja ákærða og hafa unnið með honum. Hann sagðist ekki hafa séð hnífstunguna, en séð ákærða hlaupa út úr salnum og að eftir það hefði Allesio Cali dregið upp peysuna og greinilegt hefði verið að hann hafði orðið fyrir meiðslum. Hann sagðist ekki vita hvort framangreindar stimpingar áttu sér stað áður en Allesio Cali var stunginn. Aðspurður sagðist hann ekki þekkja brotaþola, Allesio Cali. Aðspurður sagði hann að vinir hans og samstarfsmenn hefðu ráðlagt honum að bera ekki vitni í málinu. Hann sagðist aðspurður ekki kannast við að ákærði hefði orðið fyrir einhvers konar áreiti fyrr um kvöldið.

Hrönn Garðarsdóttir læknir á Heilbrigðisstofnun Austurlands sagðist hafa verið að leysa af sem læknir um jól og áramót á Kárahnjúkum. Á milli kl. 01.00 og 02.00 á nýjárnsnótt hefði hún verið kölluð að aðgöngum 2 vegna hnífstungu, en þar hefði ítalskur maður verið stunginn. Hún sagði að ítalski maðurinn hefði verið með tvö stungusár, annað að hægri framhandlegg og hitt á aftanverðri hægri síðu yfir hægri nýrnastað. Sárið á framhandleggnum hefði 2 cm á lengd en verið frekar grunnt, en þar hefði þó verið farið í gegnum húð. Hitt sárið hefði verið u.þ.b. 2 cm á lengd en talsvert dýpra og við skoðun hefði það reynst vera u.þ.b. 3,5 cm að dýpt. Töluvert hefði blætt úr skurðbörmum, en ekki úr dýptinni. Tekin hefði verið þvagprufa til að

athuga hvort blætt hefði inn á nýra, en ekkert blóð hefði verið í þvagi. Bæði sárin hefðu verið staðdeyfð og saumuð og umbúðir settar yfir sárin. Hún sagði að áverkinn á handleggnum hefði ekki verið hættulegur og áverkinn yfir nýrnastaðnum hefði ekki reynst vera hættulegur, en lítið hefði þurft út af að bregða til að hnífurinn hefði farið í nýrað. Hún sagði að ef hnífurinn hefði farið í nýrað hefði þurft að senda ákærða með þyrlu á Landspítalann. Hún sagði að sér þætti afar ólíklegt að áverkinn á hendi hefði komið í sömu stungu og valdið hefði áverka á síðunni. Hún sagði að skurðurinn yfir hægra nýrnastæði væri bæði djúpur og hornréttur á síðuna, en skurðurinn á handleggnum hefði hins vegar ekki verið hornréttur á handlegginn en það hefði mátt sjá af skurðbrúnunum. Hún sagði þó að ómögulegt væri að segja hvort áverkinn á handleggnum hefði komið þegar verið var að taka hnífinn úr stungusárinu á síðunni, en miðað við dýpt sáranna taldi hún ólíklegt að áverkarnir hefðu komið í sömu stungunni. Ekki væri þó hægt að útiloka það. Hún sagði að staðsetning áverkans á handleggnum segði ekkert til um það í hvernig stöðu brotaþoli hefði verið. Hún sagði að það færi eftir eggvopninu, sem notað hefði verið, hversu mikið afl hefði þurft til að valda þessum áverkum. Hún sagði að það þyrfti alltaf svolítið afl til að fara í gegnum húð, en eftir því sem eggvopnið væri beittara þyrfti að sjálfsögðu minna afl. Eftir að komið væri í gegnum húðina væri stærsta fyrirstaðan yfirunnin. Hún sagði að allar líkur væri á því að brotaþoli jafnaði sig að fullu. Hún sagði að áverkar ákærða hefðu ekki verið lífshættulegir og að hann hefði ekki verið fluttur á sjúkrastofnun um nóttina. Hún sagði að hjúkrunarfræðingurinn, sem hefði hringt í hana og látið hana vita af atvikinu, hefði hringt úr matsalnum og sagt henni að brotist hefðu út slagsmál. Auðheyrt hefði einnig verið að mikil læti og öskur hefðu verið í kringum tilkynnandann.

Jens Hilmarsson rannsóknarlögreglumaður sagðist hafa farið á vettvang um nóttina og stjórnað frumrannsókninni. Hann sagðist hafa yfirheyrt ákærða á ensku og sagði að enskukunnátta ákærða hefði verið nógu góð til að hann gæti gert sig skiljanlegan og skilið spurningar hans. Hann sagði að ákærði hefði ekki verið í teljandi vandræðum með að orða svör sín. Ákærði hefði verið þreyttur og hræddur við skýrslutökuna, en ekki áberandi ölvaður. Hann sagði að ákærði hefði ekki kvartað undan verkjum eða eymslum í yfirheyrslunni. Hann hefði hins vegar talað um að hann hefði lent í einhverjum átökum áður en hnífisstungan átti sér stað, en ekkert hefði hins vegar komið fram við rannsóknina sem studdi þann framburð. Þá hefði ákærði ekki minnst á að hann hefði hlotið áverka í þessum átökum. Hann sagðist hafa fengið ljósmyndir á skjali IV, 7-1 til 7-4 frá tveimur starfsmönnum verktakafyrirtækisins Impregilo á vettvangi. Lögreglu hefði verið bent á ákærða á þessum myndum þegar leit hefði átt sér stað að honum um nóttina. Hann sagðist telja að tveir eða þrjú aðilar hefðu tekið þessar myndir, sem væru úr stafrænum myndavélum. Tímasetningar undir myndunum væru stafrænar upplýsingar sem fylgdu hverri mynd. Hann sagði að hnífurinn hefði verið vafinn inn í bréf þegar lögregla hefði fengið hann í hendur og sá sem afhenti hann hefði tjáð þeim að hann hefði vafið hnífinn inn í þetta bréf. Hann sagðist telja að um 30 til 40 manns hefðu verið í salnum þegar atvikið átti sér stað. Hann sagði að lögregla hefði talað við nokkra aðila, sem hefðu verið að hræddir við að gefa skýrslu og þeir tjáð lögreglu að þeir hefðu ekki séð neitt. Lögregla hefði hins vegar hitt vitnið Jose Antonio fyrir tilviljun og hann tjáð þeim að hann hefði séð atvikið. Jose Antonio hefði lýst atburðarásinni með mjög hlutlausum hætti og virst hafa verið vitni að atburðarásinni. Vinir brotaþola hefði hins vegar í raun ekki séð neitt og sögðust ekki einu sinni hafa verið nálægt brotaþola þegar hnífisstungan átti sér stað. Hann

sagði að lögregla hefði ekki talið þörf á frekari vitnaleiðslum eftir að hafa rætt við Jose Antonio og sett atburðarásina á svið með honum.

Elvar Óskarsson rannsóknarlögreglumaður sagðist hafa útbúið ljósmyndamöppu á skjali IV, 7-1 til 7-4. Hann sagði að um væri að ræða stafrænar ljósmyndir og á bak við hverja mynd væru upplýsingar um að hvenær hún væri tekin o.s.frv. Hann sagðist ekki hafa verið með myndavélina undir höndum og því ekki getað staðfest hvort tímasetning hennar var rétt. Hann sagðist ekki hafa verið á vettvangi hinn 1. janúar, en komið að rannsókninni síðar. Hann sagði að myndavél ákærða hefði ekki fundist en sérstaklega hefði verið leitað eftir henni.

Haraldur Már Guðnason læknir á Heilbrigðisstofnun Austurlands staðfesti að ákærði hefði leitað til hans eftir atburðinn. Hann sagði að ákærði hefði ekki talað góða ensku en honum hefði skilist á honum að hann hefði lent í einhvers konar átökum, að því að honum skildist, við þrjá menn. Eftir það hefði hann verið með verk hægra megin í síðunni. Við skoðun hefði ekkert mar eða aðrir áverkar sést á brjóstkassanum. Við þreifingu á brjóstkassanum hefði hann fundið greinileg eymsli á bletti neðarlega hægra megin á brjóstkassanum. Hann sagðist hafa greint ákærða með rifbrot og meðhöndlað hann með verkjalyfjum. Hann sagði að önnur sjúkdómsgreining gæti verið mar. Hann sagði að einkennin sem ákærði hefði haft gætu verið eftir viku til þriggja vikna gamla áverka.

Oddur Friðriksson yfirtrúnaðarmaður verkalýðsfélaganna við byggingu Kárahjúkavirkjunar. Hann sagðist þekja nokkuð vel til samfélagsins á svæðinu. Hann sagðist aldrei hafa orðið var við að komið hefði til átaka á milli hópa á svæðinu, en sagðist kannast við að ákveðnir hópar héldu saman. Hann sagðist hafa heyrt frá starfsfólki, sem þarna hefði sinnt heilbrigðis- og öryggisgæslu að ákærði hefði orðið fyrir ákveðinni niðurlægingu þarna um kvöldið, sem jafnvel jaðraði við kynferðislega áreitni. Hann vildi þó ekki fara nánar út þessar sögusagnir. Aðspurður sagðist hann ekki hafa verið á staðnum þegar atvikið átti sér stað og því hefði hann ekki orðið vitni að því.

Ákærði kom aftur fyrir dóminn að loknum vitnaleiðslum og var hann spurður að því hvort hann hefði orðið fyrir einhvers konar áreitni eða niðurlægingu þetta kvöld áður en hann stakk brotþola. Ákærði sagði að stimpingarnar hefðu byrjað á því að hann og Ítalinn hefðu verið að ýta hvor við öðrum. Þeir hefðu síðan farið saman inn á salerni og þar hefðu leiðinleg orð farið á milli þeirra. Ítalinn hefði kallað hann bölvaðan hundingja og skammað hann fyrir að drekka sig fullan, eins og það væri ekki við hæfi, þó að Ítalirnir væru sjálfir búnir að neita áfengis og orðnir drukkknir. Þá hefðu Ítalirnir hrint honum á milli sín og hlegið að honum. Hann sagðist ekki gera sér grein fyrir hvenær hann hefði orðið fyrir áverka, en hann hefði fundið fyrir eymslum eftir að hann var handtekinn af lögreglu. Aðspurður sagði hann að lögregla hefði ekki farið fram á það að fá myndavélina hans afhenta.

Qin Wang gaf skýrslu hjá lögreglu 1. janúar sl. kl. 15.05, en hún var farin úr landi þegar aðalmeðferð málsins fór fram og gaf því ekki skýrslu fyrir dómi. Í skýrslu sinni hjá lögreglu sagðist hún hafa verið að dansa við karlmann, sem hefði verið við hliðina á þeim, sem stunginn var. Hún sagðist ekki hafa séð þann sem hrinti þeim manni á sig, en hún hefði fallið á gólfið. Þá sagði hún að maðurinn, sem hefði verið hrint á hana, hefði orðið mjög pirraður vegna þessa. Sagðist hún hafa staðið upp af sjálfsdáðum og þá séð að búið var að stinga manninn, sem hafði verið hrint á hana.

Hún sagðist ekki hafa séð hver stakk hann og ekki hafa séð þegar maðurinn var stunginn. Hún hefði verið að standa upp úr þvögunni á þessum tíma og því ekki séð atvikið.

Gabriele Zaccheddu gaf einnig skýrslu hjá lögreglu 1. janúar kl. 17.13, en hann var farinn úr landi þegar aðalmeðferð málsins fór fram og gaf því ekki skýrslu fyrir dómi. Hann sagðist ekki hafa séð það sem gerðist inni í salnum. Hann hefði hins vegar séð Kínverjann koma út úr byggingunni og henda einhverju frá sér út í myrkrið. Hann sagði að Kínverjinn hefði verið með gleraugu. Sagðist hann hafa farið inn í salinn og séð að mikið hefði gengið á þar inni. hann hefði séð manninn, sem hafði verið stunginn og séð að honum blæddi. Eftir þetta hefði hann farið og leitað á staðnum þar sem hann hefði séð Kínverjann henda einhverju frá sér og fundið heimatilbúinn hníf sem hann kvaðst hafa vafið inn í pappír og tekið í sínar vörslur. Síðar hefði hann afhent lögreglunni hnífinn. Hann sagðist ekki vita hvort þessi hnífur var árásarvopnið en þetta hefði verið hnífurinn sem Kínverjinn henti frá sér þegar hann kom út úr klúbbnum.

III.

Niðurstaða.

Ákærði hefur frá upphafi rannsóknar og hér fyrir dómi játað að hafa stungið brotþola, Allesio Cali, með hnífi. Hann hefur hins vegar borið fyrir sig að hafa gripið til hnífsins og beitt honum í átökum við þrjá eða fjóra ítalska menn. Kvaðst hann ekki hafa greint á milli á þessara manna og aðeins stungið þann sem næstur honum var. Eftir atvikið hefði hann hent hnífnum frá sér og yfirgefið staðinn.

Brotþoli, Allesio Cali, bar hér fyrir dómi að hann hefði í greint sinn verið að hjálpa stúlku á fætur, sem dottið hefði á gólfið, og því ekki séð ákærða nálgast. Hann hefði aðeins fundið að hann var stunginn og séð að hann var blóðugur. Hann sagðist því ekki geta borið um það hver stakk hann. Vitnið Jose Antonio sagðist hafa setið við borð í salnum og séð ákærða standa upp úr sófa, ganga í gegnum hóp af fólki stystu leið að brotþola, takast á við hann með einhverjum hætti og síðan yfirgefa salinn. Eftir átök þeirra hefði brotþoli verið blóðugur og öskrað upp. Vitnið Wu Qiang sagðist ekki hafa séð sjálfa hnífstunguna en sagðist hins vegar hafa séð ákærða hlaupa út úr salnum og eftir það hefði komið í ljós að brotþoli hefði orðið fyrir meiðslum.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið þykir sannað með framburði ákærða sjálfs, brotþola og vitnanna Jose Antonio og Wu Qiang að ákærði hafi lagt til brotþola með hnífi. Ákærði kveðst hafa stungið brotþola einu sinni, en þegar hann hefði beitt hnífnum hefði brotþoli slegið hendinni til. Brotþoli kvaðst ekki gera sér grein fyrir hvort hann hefði verið stunginn einu sinni eða tvisvar en staðfesti að hann hefði fengið sár á hægri framhandlegg og hægri síðu. Hrönn Garðarsdóttir læknir kom fyrir dóminn og staðfesti að brotþoli hefði verið með tvö stungusár, annað á hægri framhandlegg og hitt á aftanverðri hægri síðu á nýrnasvæði. Hún sagðist aðspurð telja það afar ólíklegt að báðir áverkarnir hefðu komið í sömu stungunni þar sem skurðurinn á síðunni hefði bæði verið djúpur og hornréttur á síðuna en skurðurinn á handleggnum grunnur og ekki hornréttur á

handlegginn. Hún sagði þó að ekki væri útilokað að áverkinn á handleggnum hefði komið þegar hnífurinn hefði verið dreginn úr stungusárinu á síðunni. Getur það samræmst framburði ákærða um að brotaþoli hefði slegið hendinni til þegar hann beitti hnífnum. Ekkert vitnanna hefur borið um það að hafa séð sjálfa hnífstunguna. Þá hefur ekkert vitnanna getað sagt til um það hvort ákærði stakk brotaþola einu sinni eða tvisvar.

Með hliðsjón af framburði ákærða sjálfs og með vísan til alls framangreinds, sérstaklega framburðar Hrannar Garðarsdóttur læknis um að ekki sé hægt að útiloka að áverkinn á handleggnum hefði komið þegar hnífurinn var dregið úr stungusárinu á síðunni, þykir varhugavert að telja sannað að ákærði hafi stungið brotaþola tvívegis eins og greinir í ákæru.

Eins og áður greinir kvaðst ákærði hafa gripið til hnífsins í átökum við þrjá eða fjóra ítalska menn. Hefur hann lýst fyrirgreindum átökum með þeim hætti að um hafi verið að ræða ýtingar eða stimpingar á dansgólfinu og að Ítalirnir hefðu hrint honum á milli sín og hlegið að honum. Sagðist hann hafa farið halloka í þessum stimpingum enda hefðu Ítalirnir verið margir og allir stærri og betur á sig komnir en hann. Einnig að hann hefði komist í uppnám og viljað bera hönd fyrir höfuð sér. Ákærði sagði að í þessum stimpingum hefðu Ítalirnir aðeins notað hendur og hnefa. Þá sagðist hann ekki hafa verið í beinum átökum þegar hann greip til hnífsins heldur hefði hann verið búinn að fara halloka fyrir Ítölunum og þeir verið að hlæja að honum þegar hann hefði stungið einn þeirra. Nokkru fyrir um kvöldið hefði hann lent í sams konar stimpingum á dansgólfinu við ítalskan mann og þeir farið inn á salerni og rætt málin, en þar hefðu mjög leiðinleg orð farið á milli þeirra.

Ákærði gaf skýrslu um atburðinn hjá lögreglu á nýársnótt, en þar sagðist hann hafa verið að ýtast á við ítalskan mann á dansgólfinu sem hefði leitt til þess að fjórir Ítalir hefðu veist að honum og barið hann, m.a. í andlit. Hann hefði farið með einum þeirra inn á salerni þar sem þeir hefðu rifist og slegist. Slagsmálin hefðu síðan borist inn í salinn aftur og fleiri tekið þátt í þeim. Í þann mund hefði hann séð hníf á borði og gripið til hans með áðurgreindum afleiðingum. Með hliðsjón af því að ákærði gaf skýrslu þessa hjá lögreglu án aðstoðar túlks og á tungumáli sem hann hefur ekki full tök á þykir þó ekki rétt að líta svo á að ósamræmi sé á milli framburðar ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi.

Hér fyrir dómi kannaðist brotaþoli ekki við að slagsmál eða önnur læti hefðu átt sér stað í fagnaðinum fyrir um kvöldið og kannaðist ekki við að þar hefði einhver togstreita verið á milli fólks af ólíku þjóðerni. Þá kannaðist hann ekki við að ákærði hefði lent í átökum við fjóra landa sína áður en atvikið gerðist og sagðist sjálfur ekki hafa verið einn þeirra. Lýsti brotaþoli atburðarásinni með þeim hætti að hann hefði verið að gantast við kínverska stúlkuna á dansgólfinu og í sama mund hefði einhver rekist óvart utan í hann og hrint honum á kínversku stúlkuna með þeim afleiðingum að hún hefði dottið í gólfið. Hann hefði beðið stúlkuna afsökunar á þessu og hjálpað henni á fætur. Á meðan á þessu stóð hefði hann verið stunginn. Á sama veg hefur borið vitnið Jose Antonio, sem sagðist hafa setið við sama borðið í salnum nánast allt kvöldið og þar til atvikið átti sér stað. Á dansgólfinu hefði ítalskur maður átt orðastað við kínverska konu og í sama mund hefði einhver rekist utan í ítalska manninn, sem síðan hefði dottið á kínversku konuna og hún fallið á gólfið. Hann sagði að ákærði hefði setið á sófa inni í salnum á meðan á þessu stóð og verið að taka ljósmyndir. Ákærði hefði staðið upp, gengið í gegnum hóp af fólki

stystu leið að ítalska manningnum, tekist að svo búnu á við hann og síðan yfirgefið salinn. Framburðir þessara vitna eru í samræmi við skýrslu vitnisins Qin Wang hjá lögreglu, en þar greindir hún frá því að á dansgólfinu hefði brotþola verið hrint á sig með þeim afleiðingum að hún hefði dottið á gólfið. Hún hefði staðið upp úr þvögunni af sjálfsdáðum og þá séð að brotþoli hefði orðið fyrir hnífstungu. Qin Wang var farin úr landi þegar aðalmeðferð málsins fór fram og því var þess ekki kostur að leiða hana fyrir dóminn. Með því að skýrsla Qin Wang hjá lögreglu er í meginatriðum í samræmi við framburði vitnanna Allesio Cali og Jose Antonio hér fyrir dómi og ekkert er fram komið í málinu sem bendir til þessa að atvik málsins hafi gerst með öðrum hætti en þar greinir þykir unnt að meta skýrslu Qin Wang hjá lögreglu trúverðuga og telja hana styðja framburð áðurgreindra vitna hér fyrir dómi, sbr. heimild í 3. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Vitnið Wu Qiang kom hins vegar fyrir dóminn og kannaðist ekki við að hafa séð ákærða í einhverjum átökum eða stimpingum um kvöldið. Þá virðist ákærði ekki hafa borið nein merki um að hafa lent í átökum og er fram komið að við skýrslutöku hjá lögreglu á nýársnótt kvartaði ákærði ekki undan eymslum eða áverkum eftir átök. Loks bera ljósmyndir, sem teknar voru í samkvæminu skömmu áður en atvikið gerðist, ekki með sér að þar hafi verið í gangi átök á milli manna. Ekkert er því komið fram í málinu sem styður þann framburð ákærða að hann hafi verið í átökum við þrjá eða fjóra karlmenn þegar hann stakk einn þeirra. Koma ákvæði 12. gr. almennra hegningarlaga því ekki til álitu í máli þessu.

Óumdeilt er að við verknaðinn beitti ákærði hnífi með 13,8 sm löngu blaði. Samkvæmt framlögðu læknisvottorði Hrannar Garðarsdóttur, sem hún staðfesti hér fyrir dómi, hlaut brotþoli tvö stungusár í átökunum. Annað sárið var 2 sm grunnt stungusár á hægri framhandlegg en þar hafði eggvopn rofið húð en ekki farið lengra á dýptina. Hitt sárið var yfir hæggra nýrnastað. Þar var húð rofin og var sárið u.þ.b. 3,5 sm djúpt. Fram kemur að sárin hafi verið hreinsuð, staðdeyfð og saumuð. Þá segir að brotþoli hafi verið fullfær til vinnu þegar bólga og eymsli hafi verið farin úr áverkastað. Hrönn bar hér fyrir dómi að áverkar brotþola hefðu ekki verið lífshættulegir og að ekki hefði verið þörf á að flytja hann á sjúkrahöfnun um nóttina.

Ákærði hefur borið að hann hafi ekki ætlað sér að skaða brotþola með atlögunni enda hefði hann ekki átt neitt sökótt við hann. Um leið og hann hefði áttað sig á því að hann hefði beitt hnífnum hefði hann iðrast gjörða sinna og kastað hnífnum frá sér. Fram er komið að ákærði og brotþoli þekktust ekki og eins og áður greinir er ekkert komið fram um það í málinu að þeir hafi átt samskipti áður en atvikið átti sér stað. Þykir því ósannað að ákærði hafi fyrirfram ætlað að ráða brotþola bana. Með hliðsjón af atvikum öllum, sérstaklega því að um eina hnífstungu var að ræða og að afleiðingar hennar voru ekki alvarlegir og alls ekki lífshættulegir þykir varhugavert að telja sannað að ákærða hafi hlotið að vera ljóst að mannsbani hlytist eða kynni að hljóta af atlögunni. Verður verknaður hans því ekki talinn varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Ljóst er hins vegar að ákærði beitti hættulegu vopni við atlögu sína að brotþola og litlu mátti muna að verr færi. Samkvæmt þessu verður verknaður ákærða talinn varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur svo kunnugt sé.

Ákærði hefur frá upphafi játað verknáð sinn þótt hann hafi borið fyrir sig að atlagan hafi átt sér stað í átökum. Verður til þess litið við ákvörðun refsingar og einnig þess að ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknáð. Einnig er til þess horft að áverkar brotaþola reyndust ekki alvarlegir. Á hinn bóginn er litið til þess að í atlögu sinni að brotaþola beitti ákærði hættulegu eggvopni, en ljóst þykir að hending ein geti ráðið því hverju sinni hvaða áverkar hljótast af notkun slíkra vopna í átökum. Að öllu framangreindu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 14 mánuði. Ekki þykja efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 greiði ákærða sakarkostnað að fjárhæð 667.936 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Evu Dísar Pálmadóttur hdl., sem þykja hæfilega ákveðin 622.798 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, svo og útlagðan kostnað verjanda að fjárhæð 44.228 krónur.

Dóm þennan kveður upp Ragnheiður Bragadóttir dómstjóri. Uppkvaðning dómsins hefur dregist um einn dag vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Jung Feng Chai, sæti fangelsi í 14 mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnað að fjárhæð 667.936 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Evu Dísar Pálmadóttur hdl., að fjárhæð 622.798 krónur og útlagðan kostnað verjanda að fjárhæð 44.228 krónur.

Ragnheiður Bragadóttir